



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/796**  
**komudagur 30.11.2012**

29.nóvember 2012  
1211225

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


Með skeyti dags. 26. nóvember 2012 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum). Málið er nr. 324 á 141. löggjafarþingi.

Frumvarpið fjallar um færslu sumardagsins fyrsta, uppstigningardags og frídags verkamanna að helgum (á föstudaga eða mánudaga) auk þess sem lagt er til að ef jóladagur, annar í jólum, nýársdagur eða sautjándi júní falla á helgi, skuli það bætt upp með aukafrídegi. Á sama hátt getur verkalýðsdagurinn ekki fallið á helgi, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Þessi tillaga er ekki á verksviði Seðlabankans og því tekur bankinn ekki afstöðu til hennar, þótt með einhverjum rökum megi halda því fram að aðfærsla frídaga að helgi tryggi betri samfellu í vinnuviku sem gæti verið til þess fallið að auka afköst og framleiðni.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

  
Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur